

Fudnur 18.3.2024 Katrín mikla.

Komið þið öll blessuð og sæl og megi blessun vera með ykkur og vona ég að okkur fylgi nokkur orka.

*Já blessuð og velkomin.*

Ég hef lengi vitað til þess að góð tengsl voru á milli víkinganna og minnar þjóðar til forna og kann ég þeim hinar bestu þakkir fyrir og munum við vera af þeirra ætterni.

Og stór er heimurinn og víðfeðmur og stórkostlega merkilegt margt í veröldinni og löndin eru mörg.

Hefur mér þótt það mjög merkilegt að fylgjast með umræðum á þingum um framtíð okkar þjóðar á jörðinni og tengsl hennar við aðrar þjóðir og sömuleiðis að taka þátt í umræðum og samkomum ræðuhöldum um hvað er að gerast í okkar heimi og ykkar heimi.

Og gleður það mig mjög að ég hef lengi verið á þeirri braut í seinni tíð að góð og mild stjórnvíska taki fram þeirri sem snýst um hörkulega yfirstjórn á þegnum.

Hef ég kynnst hvoru tveggja og hef ég nokkrum sinnum goldið þess að hafa gert mistök og gleður það mig mjög að ætt mín skuli hafa haldið betur á spilunum eftir að hafa lært af ýmsum mistökum í fyrri framlífs jörðum sínum.

Og erum við æfinlega að þróa lýðræðið og stjórnkerfið og hef ég mikinn áhuga á sögu ykkar jarðar og sögu okkar þjóðar og hvert hún er að stefna í samfloti við aðrar þjóðir.

Og margar siðvenjur hef ég tileinkað mér frá þeim tíma, þegar ég og þjóð okkar var kristin að fullu, eins og að biðja fyrir þjóð minni, það geri ég, þótt kynnst hafi öðrum trúarbrögðum og finnst mér mikilvægt að biðja æðri máttarvöld, Guði og Gyðjur og þá sem komnir eru langt á þróunarbrautinni að hjálpa þjóð okkar að stefna út úr ákveðnum ógöngum sem er í nú, svo hún megi friðmælast við heimsbyggðina og gjalda fyrir glæpi og misgjörðir sem framdir hafa verið.

Höfum við í fortíðinni mörg dæmi um slíkt í sögu okkar, enda ástandið ekki nógu gott að öllu leiti þegar ég skildi við, og reyndi ég þó að gera mitt besta og veit ég af ýmsum öðrum sem fóru á verri staði eftir að hafa farið verr með þjóðir sínar.

Og nýt ég þess nú að þjóðfélag okkar er nokkuð vel statt og hægt að gleðjast yfir mörgu, oft hefur að vísu verið gerð uppreisn gegn okkar ætt en fjölmenn er þjóðin og margar eru vistarverurnar og sums staðar vill þjóðin hafa sama stjórnarfyirirkomulag.

Ég hef sérstakan áhuga á því að fá núverandi stjórnvöld í mínu forna landi til að haga sér betur og er það að vísu langt í land að það náist, en óttumst við að sami Herrann stjórni bæði Vesturlöndum og okkar landi, Jahve, Rússlandi.

Nafn mitt er Katrín mikla.

*Já Katrín mikla, komdu sæl.*

Gleður það mig að komast í sambandið og vildi ég gjarnan lýsa staðháttum betur en orkan er ekki mikil eftir en ef ég get svarað einni eða tveimur spurningum, skal ég reyna það.

*Á Pútín eftir að vera lengi við völd ?*

Ja einhver búumst við við, en getum ekki verið alveg viss um það, en það kynni að styttest miðað við þessi hernaðaráttök og ólgu innanlands, hætt er við að landsins lýður verði preyttur á þessu.

*Já það er hætt við því, ég hef gaman að þú komst í sambandið, því ég var að hugsa til þín þegar ég var í Pétursborg og horfði á höllina þína.*

Já þakka þér fyrir.

*Og það var enn þá hlaðnir vagnar þar sem má kannski segja að þú hafir brúkað fyrir utan höllina þótt hann væri bara svona alls konar sýningar gripur.*

Já já, margt vel gert, sem enn er hægt að vera stolt af.

*Og þá spurði ég mikið um þig og hérna og þá svona kom það í ljós að þegar var talað um þá sem ríktu og þá sem ríkjá í dag, að það sé svona ein stór gjá á milli fólksins og stjórnvalda nema að þú hafir reynt að gera eitthvað í málunum á sínum tíma.*

*Að þú hafir reynt að hugsa um Rússnesku þjóðina.*

Já margt sem maður hefði getað gert betur en margt sem var nokkuð vel gert og það sem ég gleymdi ekki voru tengslin við vesturlönd og vorum þó ekki sátt við allt sem gerðist þar.

Já það er satt, já það þarf að hugsa um fólkið og hafa það mjög ofarlega í huga, ef stríðsrekstur er nauðsynlegur, að láta það ekki bitna á fólkinu of mikið.

Já þetta er flókið mál en já ég vildi segja ykkur það, að hef bæði kynnst erfiðleikum í framlífi og björtum og góðum dögum og er hér í framlífi þar sem okkar ætt er við völd og höfum tekið upp mildari og enn betri stjórnsýslu en áður.

En kannski við getum komið að því síðar, en verð víst að kveðja að sinni, vil ég þakka fyrir spurningar og sendi ykkur bestu kveðjur.

Og reynum að senda okkar þjóð og ykkur góða strauma, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir það og vertu blessuð.*